

Reykjavíkur 5 kr. og málskostnað fyrir yfirdómi til stefnda Davíð Östlund 15 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 24. ágústmánaðar.

Nr. 32/1908:

Réttvísinn

gegn

Guðnýju Gísladóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, gengnum 1. febr. þ. á., var stúlkan Guðný Gísladóttir frá Búðarhóli dæmd samkvæmt 195. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir að ala barn í dulsmáli til að sæta betrunarhússvinnu í 3 mánuði og til að greiða allan af málinu gegn henni löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Einars hreppstjóra Jónssonar í Hrauk, 12 krónur, en dómi þessum er af réttvísinnar hálfu áfrýjað til yfirdómsins. Það er sannað með eigin játningu ákærðu og öðrum skýrslum málsins, að sunnudagsmorguninn 4. ágúst f. á. ól ákærða stúlkubarn í hlöðu á heimili sínu Búðarhóli, þar sem hún þá var vinnukona, og gróf það því næst á 5. degi eftir fæðinguna í haug við vatn norðan við bæinn. Ákærða hafði áður leynt því og ekki viljað við það kannast, að hún væri vanfær, en nefndan sunnudagsmorgun fann hún að komið var að því, að hún mundi fæða, og fór

hún þá út í hlöðuna, í því skyni að fæða þar barnið á laun. Lagðist hún þar í heyið og fæddi barnið eftir litla stund og skildi á milli með skærum, er hún hafði með sér, og kveðst hún hafa bundið fyrir naflastreng barnsins með loðbandsspotta. Ákærða ber það, að barnið hafi fæðst andvana, því það hafi hvorki gefið frá sér hljóð eða hreyft sig. En fullburða segir hún það muni hafa verið, og hafi hún ekki tekið eftir neinum skapn-aðarlýtum á því. Ákærða var um 3 tíma í hlöðunni, þá fól hún þar barnið, er hún hafði vafið innan í flík, og var það þar til fimtudags næst á eftir, er hún gróf það eins og áður er sagt. Það varð ekkert uppvíst um þessa fæðingu ákærðu fyr en 8. sept. f. á.; þá hafði húsbóndi hennar fengið grun um athæfi hennar og fekk hana þá til að játa að hún hefði alið barnið og grafið það. Barnslíkið var grafið upp 14. sept. og framkvæmd í héraðslæknir 24. s. m. líkskoðunar- og uppskurðargerð á líkinu, en það var þá eðlilega orðið mjög rotnað og skemt. Aleit héraðslæknir að eigi væri með vissu auðið að úrskurða um það, hvort barnið hefði fæðst lifandi eða eigi, en honum virtist líkurnar vera meiri til þess, að það hefði verið líðið er það fæddist, og líkur virtust honum og vera fyrir því, að það hefði eigi fæðst fullburða. Skoðunargerð héraðslæknis var síðan send landlækni til álita, og hefir hann 2. okt. f. á. talið það »vissu næst eftir lýsingu héraðslæknisins, að loft það, er héraðslæknirinn fann neðan til í lungum barnsins, hafi verið rotnunarloft, og hafi þá barnið aldrei andað, og sé því enga sönnun að hafa úr skoðunargerðinni fyrir því, að barnið hafi fæðst með lífi.« Hins vegar

telur landlæknir það líklegast, að barnið hafi verið fullburða.

Eftir þessum álitserðum læknanna eru að vísu líkur fengnar fyrir því, að barnið hafi aldrei andað, en þar með er þetta atriði þó eigi fullsannað, og því síður hitt, að barnið hafi fæðst andvana í þeim skilningi, að það hefði eigi orðið lífgað eftir fæðinguna, ef rétt aðferð hefði verið höfð og nauðsynleg aðstoð hefði verið við hendina. Það er líka sem næst sannað, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist, og veikir það líkurnar fyrir því, að það hafi eigi lifað eða getað lifað eftir fæðinguna.

Það verður þannig eigi álitid sannað í málinu, að barnið hafi verið dáid á undan fæðingunni, og er það því rétt, er undirdómarinn hefir heimfært brot hinnar ákærðu undir 195. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærða hefir fært það fram sem afsökun fyrir broti sínu, að maður sá, á átræðisaldri, er hún hefir lýst föður að barninu, hafi hótad henni að hann skyldi ganga sem næst lífi hennar, ef hún segði hann föður að barninu, og hafi hún af hræðslu við mann þennan leynt fæðingunni. Það er þó ekkert komið fram í málinu, er styðji þessa skýrslu ákærðu, sem í sjálfu sér eftir atvikum málsins er afarósennileg, en ákærða hefir reynst reikul og ósannsögul í framburði sínum í málinu, og verður því ekkert bygt á þessari afsökun hennar. Ákærðu er lýst svo, að hún sé fremur einföld og vitgrönn, en að hún hafi þó haft fullan skilning á verki því, er hún aðhafðist. Hún virðist hafa iðrast afbrots síns og bar sig illa yfir því í prófunum.

Ákærða, sem er fædd 8. okt. 1870, hefir áður með

landsyfirréttardómi 29. apríl 1889 verið dæmd í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir einfaldan þjófnað. Refsing sú, er hún nú hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum samkvæmt fyrnefndri grein hegningarlaganna 8 mánaða betrunarhúsvinna. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnaðinn samþykkjast einnig, og ber þannig að staðfesta téðan dóm að öllu leyti. Ákærða greiði og allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. — Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærða greiði og allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 18/1908:

Sveinbjörn Kristjánsson
gegn

hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps

D ó m u r:

Áfryjandinn Sveinbjörn snikkari Kristjánsson í Reykjavík höfðaði mál þetta ásamt skipuðum meðráða-